

## *Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.*

### **F U N D A R G E R Ð**

163. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 15. desember 2014 kl. 14:00

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ágúst Sigurðsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna byggingarframkvæmda á Strönd.

#### **Bókun á ákvörðun stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga..**

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu umhleðsluhúss, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ágústi Inga Ólafssyni, kt. 020149-3539, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Rangárþing Eystra, Rangárþing Ytra og Ásahreppur sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

2. Kostnaðaráætlun vegna hönnunar, ráðgjafar og eftirlits vegna gámahúss og lóðafrágangs. Áætlunin hljóðar upp á kr. 3.141.250 + 488.000.  
Lagt fram til kynningar.
3. Kostnaðaráætlun vegna frágangs útisvæðis og ramps. Áætlunin hljóða upp á kr. 44.629.482. Lagt fram til kynningar.

4. Teikningar og skráningartafla vegna móttökuhúss á Strönd.  
Lagt fram til kynningar.
5. Yfirlit um rekstur Sorpstöðvarinnar fyrstu 10 mánuðina. Lagt fram til kynningar.
6. Samantekt á byggingarkostnaði móttökuhúss það sem af er og kostnaði við aukaverk. Heildarkostnaður nemur í dag um 97 milljónum án vsk.
7. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 04.11.14.  
Lagt fram til kynningar ásamt umsókn um nýtt starfsleyfi.
8. Umhleðslustöð á Strönd, úttektarblað eftirlits VERKÍS. Lagt fram til kynningar.
9. Umhleðsluhús á Strönd, verkfundur nr. 17 – VERKÍS. Lagt fram til kynningar.
10. Önnur mál.  
Lögð fram til kynningar drög að samningi við Landgræðslu ríkisins varðandi afsetningu á seyru.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 15:30